

REGLUGERÐ

um heimilishjálp á Skagaströnd.

1. gr.

Hlutverk heimilishjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan lækni, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum sem hreppsnefnd metur gildar. Einnig ef annarrar hjálpar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla, eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

2. gr.

Heimilishjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, sem þarfnast umönnunar.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjónustu.

4. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það sem heimilishjálpin stundar hverju sinni á vegum hreppsins sé hæft til starfsins og gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppssjóður Höfðahrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar, kann að valda við störf sín, umfram það sem bælt er af sérstakri ábyrgðartryggingu sem heimilishjálpin kaupir.

7. gr.

Fyrir heimilishjálpinu skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá, sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinu. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefndin setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Höfðahreppur annast bókhald og fjárreiður heimilishjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Höfðahrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík.

Ráðuneytið hefur staðfest hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík fyrir árið 1980. Mun leigan nema kr. 3 000 pr. tunnu og gildir fyrir 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.